

Nd.

356. Frumvarp

til laga um húsaleigu í Reykjavík.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Jakob Möller og Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Lög nr. 24, 12. sept. 1917, lög nr. 45, 28. nóv. 1919, og lög nr. 50, 27. júní 1921, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1926, en þó má eigi segja upp húsnæðum til burtflutnings fyrir en frá 14. maí 1926.

Greinargerð.

Húsaleigulögin 1917 voru án efa ætluð að eins sem bráðabirgðaráðstöfun út af ófriðarástandi því, sem þá var. Var hægt að sætta sig við svo freklega skerðingu á umráðarjetti húseigenda yfir eign sinni meðan svo var ástatt, enda margt slíkt gert á ófriðartímum, sem enginn getur unað við til langframa á venjulegum tímum. 1921 voru sett lög, er heimiluðu bæjarstjórn Reykjavíkur að setja reglugerð um þetta efni, og áttu þá húsaleigulögin að falla úr gildi. Nú er alveg útsjeð um, að bæjarstjórn Reykjavíkur takist að setja slíka reglugerð; hinsvegar er þó húsnæðisskorturinn í bænum ekki orðinn jafntilfinnanlegur og áður var og húsaleigulögin eru að talsverðu leyti orðin dauður bókstafur, eins og hætt er við, að jafnan fari um slík lög, þegar þau fara að standa til lengdar án þess að menn kannist við rjettmæti þeirra, og sýnist því ekki annað fyrir hendi en að nema þau úr gildi.